

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús, nr. 97/2012.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

1.42 Ákvörðun ráðsins 2026/512 frá 23. apríl 2026 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.42.

2.46 Reglugerð ráðsins (SSUÖ) 2026/513 frá 23. apríl 2026 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2.46.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 24. júní 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.42.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2026/512****frá 23. apríl 2026****um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ ⁽¹⁾.
- 2) Hinn 24. febrúar 2022 tilkynnti forseti Rússneska sambandsríkisins um hernaðaraðgerð í Úkraínu og rússneskur heraflí hóf árás á Úkraínu, þ.m.t. frá yfirráðasvæði Belarús. Sú árás var blygðunarlaust brot á landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.
- 3) Í ályktunum sínum frá 19. febrúar 2024 fordæmdi ráðið harðlega áframhaldandi stuðning stjórnarinnar í Belarús við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og fór fram á að Belarús taki ekki þátt í slíkum aðgerðum og að landið fari að alþjóðlegum skuldbindingum sínum.
- 4) Í ljósi þess hversu alvarleg staðan er og til að bregðast við áframhaldandi þátttöku Belarús í árásum Rússlands gegn Úkraínu þykir rétt að innleiða viðbótarþvingunaraðgerðir.
- 5) Einkum þykir rétt að auka við skrána yfir hluti, sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, með því að skrá hluti sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hluti sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa Belarús, þ.m.t. glervörur fyrir rannsóknarstofur og tiltekin háþrúð smurefni og íblöndunarefni þeirra.
- 6) Einnig þykir rétt að auka við skrána yfir vörur sem falla undir útflutningstakmarkanir og gætu stuðlað að því að auka getu Belarús á sviði iðnaðar, s.s. iðefnum, gúmmíi og vörum úr súlfuðu gúmmíi, vörum úr stáli, verkfærum til málmsframleiðslu og iðnaðardráttarvélum.
- 7) Til að lágmarka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða þykir rétt að auka enn frekar við skrána yfir vörur og tækni sem falla undir bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús.
- 8) Auk þess þykir rétt að setja viðbótartakmarkanir á veitingu þjónustu sem stuðlar að því að efla tæknigetu Belarús, einkum veitingu stýrðrar öryggisþjónustu, til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir þeirra hönd eða starfar eftir fyrirmælum þeirra.
- 9) Einnig þykir viðeigandi að takmarka veitingu þjónustu sem tengist ferðaþjónustu í Belarús með beinum hætti, einkum þjónustu sem fellur undir flokka 7471 og 7472 í aðalvöruflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna, *Statistical Papers, Series M, No 77, CPC prov., 1991*. Þetta er gert til að draga úr tekjum sem Belarús hefur af slíkri þjónustu og hindra kynningu á ónauðsynlegum ferðum og fristundaferðum til Belarús, einkum í aðstæðum þar sem ríkisborgarar Sambandsins standa frammi fyrir aukinni hættu á handahófskenndum handtökum og gæsluvarðhaldi og þar sem ræðisvernd fyrir einstaklinga með tvöfalt ríkisfang er takmörkuð.
- 10) Einnig er við hæfi að innleiða undanþágu frá kröfunni um fyrirframheimild fyrir þjónustu sem veitt er Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum, sem falla ekki þegar undir þvingunaraðgerðirnar sem settar eru fram í ákvörðun 2012/642/SSUÖ, þegar slík þjónusta er algerlega nauðsynleg vegna starfsemi ræðis- eða sendiskrifstofu Belarús sem staðsett er í aðildarríki.
- 11) Auk þess er rétt að innleiða frekari innflutningsbönn á vörur sem gera Belarús kleift að auka fjölbreytni tekjulinda sinna og gera því þar með kleift að taka þátt í árásum Rússa gegn Úkraínu, þ.m.t. á tiltekin hráefni, málma, tiltekin jarðefni, brotastál og aðra brotamálma, iðefni, vörur úr súlfuðu gúmmíi og sútuð loðskinn.
- 12) Sem stendur geta lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, sem ekki eru frá Belarús, aðilar aðrir en þeir sem eru á skrá í ákvörðun 2012/642/SSUÖ eða aðilar aðrir en þeir sem koma fram fyrir þeirra hönd eða starfa eftir fyrirmælum þeirra, lagt fram kröfur gegn fyrirtækjum í Sambandinu sem fara að þvingunaraðgerðum, s.s. þegar rekstraraðilar í Sambandinu hætta að afhenda einstaklingum og lögaðilum í þriðju löndum, öðrum en Belarús, vörur sem bannað er að flytja út til Belarús. Því er rétt að efla þvingunaraðgerðaramma Sambandsins með því að víkka út gildissvið bannsins við að efna slíkar kröfur í tengslum við samning eða viðskipti sem þvingunaraðgerðir Sambandsins hafa haft áhrif á með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða

að hluta. Því ætti einnig að vikka út gildissvið bannsins í ákvörðun 2012/642/SSUÖ við því að efna slíkar kröfur þannig að það nái yfir kröfur sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í þriðju löndum, öðrum en Belarús og samstarfslöndunum sem eru á skrá í viðkomandi viðauka við þá ákvörðun, leggja fram þegar þessir einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir selja, afhenda, flytja til eða flytja út vörur, tækni eða þjónustu sem bannað er að selja, afhenda, flytja til eða flytja út samkvæmt ákvörðun 2012/642/SSUÖ, hvort sem vörurnar, tæknin eða þjónustan er upprunnin í Sambandinu eða ekki.

- 13) Ríkisbanki Belarús er í þann mund að taka upp stafræna rúblu Belarús sem búist er við að fari í umferð á seinni helmingi ársins 2026 og verði smám saman tekin í notkun af fyrirtækjum, ríkisstofnunum og einstaklingum, sem og milli þeirra og rekstraraðila í þriðju löndum. Þótt verkefnið sé enn á undirbúningsstigi er stafrænu rúblunni m.a. ætlað að vera greiðslukerfi sem hlífir aðilum frá Belarús við áhrifum af þvingunaraðgerðum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2012/642/SSUÖ. Því er rétt að leggja á bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti með seðlabankarafeyri Seðlabanka Belarús eða að veita stuðning við þróun slíks verkefnis. Einnig ætti að kveða á um takmarkaðan tíma til að slíta gildandi samningum með skipulegum hætti.
- 14) Nýlegar aðgerðir stjórnarinnar í Belarús fela í sér bann við starfsemi tiltekinna erlendra þjónustuveitenda sýndareigna sem gefur til kynna áform stjórnarinnar um að hafa náði eftirlit með starfsemi þjónustuveitenda sýndareigna sem starfa í landinu. Samhliða þessu er Belarús að þróa reglukerfi sem felur í sér náði eftirlit ríkisins með þjónustuveitendum sýndareigna, með tilheyrandi hættu á að stjórnin noti sýndareignir til að sniðganga þvingunaraðgerðir Sambandsins. Við þær aðstæður myndi það ekki draga nægilega úr hættunni á sniðgöngu að tilgreina tiltekna þjónustuveitendur sýndareigna sem gera það kleift að sniðganga þvingunaraðgerðir þar sem stjórnin í Belarús gæti notað aðra þjónustuveitendur sýndareigna undir sinni stjórn í sama ólöglega tilgangi. Til að tryggja að sýndareignir séu ekki notaðar sem leið til að sniðganga þvingunaraðgerðir Sambandsins er því viðeigandi að banna viðskipti við alla þjónustuveitendur sýndareigna með staðfestu í Belarús eða við alla dreifstýrða vettvanga (e. *decentralised platforms*) með staðfestu í Belarús sem gera það kleift að skiptast á eða millifæra sýndareignir.
- 15) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. gr. b er breytt sem hér segir:
 - a) Ákvæði 3. mgr. a, 3. mgr. b og 3. mgr. c falla brott.
 - b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3e. Bönnin í 1. og 3. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vörum sem falla undir SN-númer 2931, 2932, 4001, 4015, 4016, 6805, 7318, 7325, 8209 og 8311, sem skráð eru í XVIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006, sem er nauðsynlegur vegna efnda fram til 25. júlí 2026 á samningum sem gerðir voru fyrir 24. apríl 2026 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“
 - c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„14b. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni sem falla undir SN-númer 3403 19 80, sem eru á skrá í XIX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006 og sem eru flutt út frá Ungverjalandi, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni séu á leið til Aserbaísjan.“
 - d) Í stað 15. mgr. kemur eftirfarandi:

„15. Við afgreiðslu beiðna um heimildir í þeim tilgangi sem um getur í 8., 10., 12., 13., 14. og 14. mgr. a skulu lögbær stjórnvöld ekki veita leyfi til útflutnings til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi ef þau hafa réttmæta ástæðu til að ætla að vörurnar séu til hernaðarnota.“
 - e) Í stað 16. mgr. kemur eftirfarandi:

„16. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 8., 10., 12., 13., 14., 14. mgr. a eða 14. mgr. b innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 2) Í stað h-liðar 4. mgr. 2. gr. c kemur eftirfarandi:

- „h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Belarús, sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,“.
- 3) Í stað h-liðar 4. mgr. 2. gr. d kemur eftirfarandi:
- „h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Belarús, sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,“.
- 4) Ákvæðum 2. gr. hc er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „4b. Lagt er bann við því, frá og með 25. maí 2026, að veita, með beinum eða óbeinum hætti, stýrða öryggisþjónustu:
- a) Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum eða
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa.
- 4c. Lagt er bann við því að veita þjónustu sem tengist ferðaþjónustu með beinum ætti í Belarús.“
- b) Í stað a- og b-liðar 5. mgr. kemur eftirfarandi:
- „a) veita tækniáðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist þjónustu og hugbúnaði sem um getur í 1. mgr. til 4. mgr. b, með beinum eða óbeinum hætti, til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist þjónustu og hugbúnaði sem um getur í 1. mgr. til 4. mgr. b, eða veitingu tengdrar tækniáðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða“.
- c) Í stað 5. mgr. a kemur eftirfarandi:
- „5a. Krefjast skal fyrirframheimildar til að veita Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum, beint eða óbeint, þjónustu sem ekki fellur undir 1., 2. eða 3. mgr., 4. mgr. a, 4. mgr. b eða 4. mgr. c. Lögbær stjórnvöld geta, á grundvelli sérstaks mats sem byggist á hverju tilviki fyrir sig, heimilað veitingu slíkrar þjónustu samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar.“
- d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „5b. Ákvæði 5. gr. a skulu ekki gilda um veitingu þjónustu, beint eða óbeint, sem ekki fellur undir 1., 2. eða 3. mgr., 4. mgr. a, 4. mgr. b eða 4. mgr. c, til ræðis- eða sendiskrifstofu Belarús sem staðsett er í aðildarríki ef slík þjónusta er algerlega nauðsynleg vegna starfsemi hennar.“
- e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „10c. Ákvæði 4. mgr. c skulu ekki gilda um efndir fram til 25. júní 2026 á samningum sem gerðir voru fyrir 24. apríl 2026 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“
- 5) Eftirfarandi lið er bætt við í 1. mgr. 2. gr. n:
- „e) einstaklingi frá þriðja landi sem er ekki ríkisborgari Belarús og lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í þriðja landi öðru en Belarús, að undanskildum samstarfslöndunum sem eru á skrá í IV. viðauka a við þessa ákvörðun, sem selur, afhendir, flytur til eða flytur út vörur, tækni og þjónustu, sem bannað er að selja, afhenda, flytja til eða flytja út samkvæmt þessari ákvörðun, hvort sem þær eða hún eru upprunnin í Sambandinu eða ekki, til aðila, rekstrareininga eða stofnana sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið þessarar málsgreinar eða til notkunar í Belarús.“
- 6) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 2. gr. ra:
- „9e. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2501, 2517, 2522, 2530, 2620, 2815, 2833, 2916, 2926, 4016, 7403, 7404, 7406 og 7610 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki um efndir fram til 25. júlí 2026 á samningum sem gerðir voru fyrir 24. apríl 2026 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

- 7) Eftirfarandi liðir bætast við í 1. mgr. a í 2. gr. y:
- „f) sem eru nauðsynleg vegna viðtöku greiðslna sem lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem um getur í V. viðauka, ber að inna af hendi samkvæmt samningum og skuldbindingum sem gerð voru fyrir 24. apríl 2026,
 - g) sem eru algerlega nauðsynleg til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða vegna endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
 - h) sem eru nauðsynleg vegna þarfa ríkisfjármagnaðra aðila sem miðla menningarstefnu aðildarríkjanna á erlendri grundu í Belarús.“
- 8) Eftirfarandi greinar bætast við:

„2. gr. za

1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem leitar fullnustu eða hefur samstarf um fullnustu dómsúrskurða utan Sambandsins um að verða við kröfum sem um getur í 1. mgr. 8. gr. h í reglugerð (EB) nr. 765/2006, eða við einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eiga eða stjórna þessum lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, að undanskildum lögfræðingum og dómurum, eins og skráð er í VII. viðauka.

2. Nema þau séu bönnuð með öðrum hætti gildir bannið í 1. mgr. ekki um viðskipti sem eru:

- a) nauðsynleg vegna kaupa, innflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum eða landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að kaupa, flytja inn og flytja samkvæmt þessari ákvörðun,
- b) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki, sem og vegna viðurkenningar eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem kveðnir eru upp í aðildarríki, að því tilskildu að slík viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar,
- c) með fyrirvara um b-lið þessarar málsgreinar, algerlega nauðsynleg til að fá skaðabætur skv. 8. gr. h í reglugerð (EB) nr. 765/2006.

2. gr. zb

Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti með sýndareignir eða seðlabankarafeyri sem er á skrá í VIII. viðauka eða styðja á nokkurn hátt við þróun slíkra sýndareigna eða seðlabankarafeyris.

2. gr. zc

1. Lagt er bann við því að eiga, á beinan eða óbeinan hátt, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er rekstrareining sem veitir þjónustu á sviði sýndareigna eða er vettvangur sem gerir skipti eða millifærslu sýndareigna mögulega og er með staðfestu í Belarús.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti:

- a) sem eru nauðsynleg vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Belarús, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
- b) af hálfu ríkisborgara aðildarríkis sem eru búsettir í Belarús og voru það fyrir 24. febrúar 2022.

3. Bannið í 1. mgr. gildir frá 25. maí 2026.“

- 9) Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 23. apríl 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

M. RAOUNA

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu ((Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2012/642/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <https://data.europa.eu/eli/dec/2026/512/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 2.46.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2026/513****frá 23. apríl 2026****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/512 frá 23. apríl 2026 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 18. maí 2006 samþykkti ráðið reglugerð (EB) nr. 765/2006 ⁽²⁾.
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 765/2006 koma til framkvæmda þær ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ ⁽³⁾.
- 3) Hinn 23. apríl 2026 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2026/512 sem breytir ákvörðun 2012/642/SSUÖ.
- 4) Samkvæmt ákvörðun (SSUÖ) 2026/512 þykir rétt að auka við skrána yfir hluti, sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, með því að skrá hluti sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hluti sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa Belarús, þ.m.t. glervörur fyrir rannsóknarstofur og tiltekin háþrúð smurefni og íblöndunarefni þeirra.
- 5) Samkvæmt ákvörðun (SSUÖ) 2026/512 er talið rétt að auka við skrána yfir vörur sem falla undir útflutningstakmarkanir og gætu stuðlað að því að auka getu Belarús á sviði iðnaðar, s.s. iðefnum, gúmmí og vörum úr súlfuðu gúmmí, vörum úr stáli, verkfærum til málmfraðleiðslu og iðnaðardráttarvélum.
- 6) Til að lágmarka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða er með ákvörðun (SSUÖ) 2026/512 talið rétt að auka við skrána yfir vörur og tækni sem falla undir bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús.
- 7) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/512 eru settar viðbótartakmarkanir á veitingu þjónustu sem eflir tæknigetu Belarús, einkum veitingu stýrðrar öryggisþjónustu, til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, og til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem koma fram fyrir þeirra hönd eða starfa eftir fyrirmælum þeirra.
- 8) Enn fremur eru með ákvörðun (SSUÖ) 2026/512 settar takmarkanir á veitingu þjónustu sem tengist ferðaþjónustu í Belarús með beinum hætti, einkum þjónustu sem fellur undir flokka 7471 og 7472 í aðalvöruflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna, *Statistical Papers, Series M, No 77, CPC prov., 1991*. Þetta er gert til að draga úr tekjum sem Belarús hefur af slíkri þjónustu og hindra kynningu á ónauðsynlegum ferðum og fristundaferðum til Belarús, einkum í aðstæðum þar sem ríkisborgarar Sambandsins standa frammi fyrir aukinni hættu á handahófskenndum handtökum og gæsluvarðhaldi og þar sem ræðisvernd fyrir einstaklinga með tvöfalt ríkisfang er takmörkuð.
- 9) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/512 er einnig innleidd undanþága frá kröfunni um fyrirframheimild fyrir þjónustu sem veitt er Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum sem falla ekki þegar undir þvingunaraðgerðirnar, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 765/2006, þegar slík þjónusta er algerlega nauðsynleg vegna starfsemi ræðis- eða sendiskrifstofu Belarús sem staðsett er í aðildarríki.
- 10) Að auki er með ákvörðun (SSUÖ) 2026/512 talið rétt að innleiða frekari innflutningsbönn á vörur sem gera Belarús kleift að auka fjölbreytni tekjulinda sinna og gera því þannig kleift að taka þátt í árásum Rússa gegn Úkraínu, þ.m.t. á tiltekin hráefni, málma, tiltekin jarðefni, brotastál og aðra brotamálma, iðefni, vörur úr súlfuðu gúmmí og sútuð loðskinn.
- 11) Sem stendur geta lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, sem ekki eru frá Belarús, aðilar aðrir en þeir sem eru á skrá í reglugerð (EB) nr. 765/2006 eða aðilar aðrir en þeir sem koma fram fyrir þeirra hönd eða starfa eftir fyrirmælum þeirra, lagt fram kröfur gegn fyrirtækjum í Sambandinu sem fara að þvingunaraðgerðum, s.s. þegar rekstraraðilar í Sambandinu hætta að afhenda einstaklingum og lögaðilum í þriðju löndum, öðrum en Belarús, vörur sem bannað er að flytja út til Belarús. Þannig er með ákvörðun (SSUÖ) 2026/512 þvingunaraðgerðarrámmi Sambandsins eflur með því að víkka út gildissvið bannsins við að efna slíkar kröfur í

tengslum við samning eða viðskipti sem þvingunaraðgerðir Sambandsins hafa haft áhrif á, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta. Því ætti einnig að vikka út gildissvið bannsins í reglugerð (EB) nr. 765/2006 við því að efna slíkar kröfur þannig að það nái yfir kröfur sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í þriðju löndum, öðrum en Belarús og samstarfslöndunum sem eru á skrá í viðkomandi viðauka, leggja fram þegar þessir einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir selja, afhenda, flytja eða flytja út vörur, tækni eða þjónustu sem bannað er að selja, afhenda, flytja eða flytja út samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2006, hvort sem vörurnar, tæknin eða þjónustan er upprunnin í Sambandinu eða ekki.

- 12) Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, eða aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir í þeirra eigu eða undir þeirra stjórn, gætu leitað fullnustu dóms- og stjórnsýsluákvæðana Belarús í þriðju löndum, öðrum en Belarús. Slíkar tilraunir má byggja á kröfum í tengslum við samninga sem verða fyrir áhrifum af þvingunaraðgerðum. Því er viðeigandi að auka möguleika einstaklinga eða lögaðila í Sambandinu á því að fara fram á skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum og stofnunum sem leita, eða hafa samstarf um, fullnustu þessara ákvæðana Belarús í þriðju löndum, öðrum en Belarús, sem og frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í þeirra eigu eða undir þeirra stjórn. Einnig þykir rétt að gera ráðinu kleift að leggja viðskiptabann á einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem leita, eða hafa samstarf um, fullnustu ákvæðana Belarús sem byggjast á kröfum í tengslum við samninga sem verða fyrir áhrifum af þvingunaraðgerðum, sem og á einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eiga eða stjórna viðkomandi lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum.
- 13) Ríkisbanki Belarús er í þann mund að taka upp stafræna rúblu Belarús sem búist er við að fari í umferð á seinni helmingi ársins 2026 og verði smám saman tekin í notkun af fyrirtækjum, ríkisstofnunum og einstaklingum, sem og milli þeirra og rekstraraðila í þriðju löndum. Þótt verkefnið sé enn á undirbúningsstigi er stafræna rúblunni m.a. ætlað að vera greiðslukerfi sem hlífir aðilum frá Belarús við áhrifum af þvingunaraðgerðum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 765/2006. Því er með ákvörðun (SSUÖ) 2026/512 lagt bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti með slíkum seðlabankarafeyri Seðlabanka Belarús eða að veita stuðning við þróun slíks verkefnis. Í þeirri ákvörðun er einnig kveðið á um takmarkaðan tíma til að slíta gildandi samningum á skipulegan hátt.
- 14) Nýlegar ráðstafanir stjórnarinnar í Belarús fela í sér bann við starfsemi tiltekinna erlendra þjónustuveitenda sýndareigna sem gefur til kynna áform stjórnarinnar um að hafa náð eftirlit með starfsemi þjónustuveitenda sýndareigna sem starfa í landinu. Samhliða þessu er Belarús að þróa reglukerfi sem felur í sér náð eftirlit ríkisins með þjónustuveitendum sýndareigna, með tilheyrandi hættu á að stjórnin noti sýndareignir til að sniðganga þvingunaraðgerðir Sambandsins. Við þær aðstæður myndi það ekki draga nægilega úr hættunni á sniðgöngu að tilgreina tiltekna þjónustuveitendur sýndareigna sem gera það kleift að sniðganga þvingunaraðgerðir þar sem stjórnin í Belarús gæti notað aðra þjónustuveitendur sýndareigna undir sinni stjórn í sama ólöglega tilgangi. Til að tryggja að sýndareignir séu ekki notaðar sem leið til að sniðganga þvingunaraðgerðir Sambandsins er með ákvörðun (SSUÖ) 2016/512 því lagt bann við viðskiptum við alla þjónustuveitendur sýndareigna með staðfestu í Belarús eða við alla dreifstýrða vettvanga með staðfestu í Belarús sem gera það kleift að skiptast á eða millifæra sýndareignir.
- 15) Þessar ráðstafanir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggt sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 16) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 765/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liðir bætast við í 1. gr.:

„30. „stýrð öryggisþjónusta“: stýrð öryggisþjónusta, eins og skilgreint er í 14. lið a í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/881 ⁽⁴⁾“;

31. „þjónusta sem tengist ferðaþjónustu með beinum hætti“: eftirfarandi þjónusta:

- a) þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjanda, þ.m.t. þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda varðandi ferðir farþega og svipuð þjónusta; þjónusta tengd ferðaupplýsingum, -ráðgjöf og -skipulagningu; þjónusta tengd tilhögun ferða, gistingu og flutningi farþega og farangurs; þjónusta við farniðautgáfu,
- b) þjónusta leiðsögumanna,

- c) auglýsingaþjónusta tengd þeirri þjónustu sem um getur í a- og b-lið.
- 2) Ákvæðum 1. gr. bb er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæði 3. mgr. a, 3. mgr. b og 3. mgr. c falla brott.
- b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „3e. Bönnin í 1. og 3. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vörum sem falla undir SN-númer 2931, 2932, 4001, 4015, 4016, 6805, 7318, 7325, 8209 og 8311, sem eru á skrá í XVIII. viðauka, sem er nauðsynlegur vegna efnda fram til 25. júlí 2026 á samningum sem gerðir voru fyrir 24. apríl 2026 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“
- c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „14b. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni sem falla undir SN-númer 3403 19 80, sem er á skrá í XIX. viðauka og eru flutt út frá Ungverjalandi, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni sé á leið til Aserbaísjan.“
- d) Í stað 15. mgr. kemur eftirfarandi:
- „15. Við afgreiðslu beiðna um heimildir í þeim tilgangi sem um getur í 8. mgr., 10. mgr., 12. mgr., 13. mgr., 14. mgr. og 14. mgr. a skulu lögbær stjórnvöld ekki veita leyfi til útflutnings til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi ef þau hafa réttmæta ástæðu til að ætla að vörurnar séu til hernaðarnota.“
- e) Í stað 16. mgr. kemur eftirfarandi:
- „16. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 8. mgr., 10. mgr., 12. mgr., 13. mgr., 14. mgr., 14. mgr. a eða 14. mgr. b innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 3) Í stað h-liðar 4. mgr. 1. gr. e kemur eftirfarandi:
- „h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Belarús, sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.“
- 4) Í stað h-liðar 4. mgr. 1. gr. f kemur eftirfarandi:
- „h) að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Belarús, sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.“
- 5) Ákvæðum 1. gr. jc er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „4b. Lagt er bann við því, frá og með 25. maí 2026, að veita, með beinum eða óbeinum hætti, stýrða öryggisþjónustu:
- a) Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum eða
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa.
- 4c. Lagt er bann við því að veita þjónustu sem tengist ferðaþjónustu með beinum hætti í Belarús.“
- b) Í stað a- og b-liðar 5. mgr. kemur eftirfarandi:
- „a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist þjónustu og hugbúnaði sem um getur í 1. mgr. til 4. mgr. b, með beinum eða óbeinum hætti, til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist þjónustu og hugbúnaði sem um getur í 1. mgr. til 4. mgr. b, eða veitingu tengdrar tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða“.
- c) Í stað 5. mgr. a kemur eftirfarandi:

„5a. Krefjast skal fyrirframheimildar til að veita Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum, beint eða óbeint, þjónustu sem fellur ekki undir 1. mgr., 2. mgr., 3. mgr., 4. mgr. a, 4. mgr. b eða 4. mgr. c. Lögbær stjórnvöld geta, á grundvelli sérstaks mats sem byggist á hverju tilviki fyrir sig, heimilað veitingu slíkrar þjónustu samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé í samræmi við markmið þessarar reglugerðar.“

d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„5b. Ákvæði 5. gr. a skulu ekki gilda um veitingu þjónustu, beint eða óbeint, sem ekki fellur undir 1. mgr., 2. mgr., 3. mgr., 4. mgr. a, 4. mgr. b eða 4. mgr. c, til ræðis- eða sendiskrifstofu Belarús sem staðsett er í aðildarríki ef slík þjónusta er algerlega nauðsynleg vegna starfsemi hennar.“

e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„10c. Ákvæði 4. mgr. c skulu ekki gilda um efndir fram til 25. júní 2026 á samningum sem gerðir voru fyrir 24. apríl 2026 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

6) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 1. gr. ra:

„9e. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2501, 2517, 2522, 2530, 2620, 2815, 2833, 2916, 2926, 4016, 7403, 7404, 7406 og 7610 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki um efndir fram til 25. júlí 2026 á samningum sem gerðir voru fyrir 24. apríl 2026 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

7) Eftirfarandi liðir bætast við í 1. mgr. a í 1. gr. zb:

„f) sem eru nauðsynleg vegna viðtöku greiðslna sem lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem um getur í XV. viðauka, ber að inna af hendi samkvæmt samningum og skuldbindingum sem gerð voru fyrir 24. apríl 2026,

g) sem eru algerlega nauðsynleg til að greiða hæfilega sérfræðipóknun eða vegna endurgreiðslu kostnaðar sem tengist lögfræðiþjónustu,

h) sem eru nauðsynleg vegna þarfa ríkisfjármagnaðra aðila sem miðla menningarstefnu aðildarríkjanna á erlendri grundu í Belarús.“

8) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„1. gr. zd

1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem leitar, eða hefur samstarf um, fullnustu dómsúrskurða utan Sambandsins um að verða við kröfum sem um getur í 1. mgr. 8. gr. h, eða við einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eiga eða stjórna þessum lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, að undanskildum lögfræðingum og dómurum, eins og skráð er í XXXIII. viðauka.

2. Nema þau séu bönnuð með öðrum hætti gilda bönnin í 1. mgr. ekki um viðskipti sem eru:

a) nauðsynleg vegna kaupa, innflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að kaupa, flytja inn og flytja samkvæmt þessari reglugerð,

b) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki, sem og vegna viðurkenningar eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem kveðnir eru upp í aðildarríki, að því tilskildu að slík viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar reglugerðar,

c) með fyrirvara um b-lið þessarar málsgreinar, algerlega nauðsynleg til að fá skaðabætur skv. 8. gr. h.

1. gr. ze

Lagt er bann við því að eiga viðskipti, með beinum eða óbeinum hætti, sem fela í sér sýndareignir eða stafrænan gjaldmiðil seðlabanka sem er á skrá í XXXIV. viðauka, eða styðja á nokkurn hátt við þróun slíkra sýndareigna eða stafræna gjaldmiðla seðlabanka.

1. gr. zf

1. Lagt er bann við því að eiga, á beinan eða óbeinan hátt, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er rekstrareining sem veitir þjónustu á sviði sýndareigna eða er vettvangur sem gerir skipti eða millifærslu sýndareigna mögulega og er með staðfestu í Belarús.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti:

- a) sem eru nauðsynleg vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Belarús, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
- b) af hálfu ríkisborgara aðildarríkis sem eru búsettir í Belarús og voru það fyrir 24. febrúar 2022.
3. Bannið í 1. mgr. gildir frá 24. maí 2026.“
- 9) Eftirfarandi lið er bætt við 1. mgr. 8. gr. d:
- „e) einstaklingi frá þriðja landi sem er ekki ríkisborgari Belarús og lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í þriðja landi, öðru en Belarús, að undanskildum samstarfslöndunum sem eru á skrá í V. viðauka ba við þessa reglugerð, sem selur, afhendir, flytur til eða flytur út vörur, tækni og þjónustu, sem bannað er að selja, afhenda, flytja til eða flytja út samkvæmt þessari reglugerð, hvort sem þær eða hún eru upprunnin í Sambandinu eða ekki, til aðila, rekstrareininga eða stofnana sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið þessarar málsgreinar eða til notkunar í Belarús.“
- 10) Í stað 8. gr. h kemur eftirfarandi:

„8. gr. h

1. Sérhver aðili, sem um getur í þriðja eða fjórða undirlið 10. gr., skal, við dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkis, eiga rétt á hvers kyns beinum eða óbeinum skaðabótum, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar sem sá aðili, eða lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem er í eigu eða undir stjórn aðila sem um getur í fjórða undirlið 10. gr., stofnar til vegna krafna sem aðilar, rekstrareiningar og stofnarnir, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 1. mgr. 8. gr. d, leggja fram hjá dómstólum í þriðju löndum í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa orðið fyrir áhrifum af ráðstöfunum, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi ekki virkan aðgang að úrræðum í viðkomandi lögsögu. Heimilt er að sækja slíkar skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 1. mgr. 8. gr. d, sem lögðu fram kröfur hjá dómstólum í viðkomandi þriðja landi, eða frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru í eigu eða undir stjórn þessara rekstrareininga eða stofnana.
2. Með fyrirvara um 1. mgr. skal sérhver aðili, sem um getur í þriðja eða fjórða undirlið 10. gr., við dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkis eiga rétt á hvers kyns beinum eða óbeinum skaðabótum, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar sem sá aðili, eða lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem er í eigu eða undir stjórn aðila sem um getur í fjórða undirlið 10. gr., stofnar til vegna lögbanns, úrskurða, úrræða, dóma eða annarra dóms- eða stjórnsýsluákvæðana sem teknar eru í þriðju löndum, öðrum en Belarús, og leita fullnustu dóma sem staðfesta kröfur sem um getur í 1. mgr., að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi ekki virkan aðgang að úrræðum í viðkomandi lögsögu. Heimilt er að sækja slíkar skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem leita, eða hafa samstarf um, fullnustu dóma sem staðfesta kröfur, sem um getur í 1. mgr., í þriðja landi, öðru en Belarús, eða frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem eru í eigu eða undir stjórn þessara rekstrareininga eða stofnana, að undanskildum lögfræðingum þeirra og dómurum og að undanskildum aðilum sem um getur í þriðja eða fjórða undirlið 10. gr. eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru í eigu eða undir stjórn aðilanna sem um getur í fjórða undirlið 10. gr., sem dómur hefur verið kveðinn upp gegn vegna staðfestingar krafna sem um getur í 1. mgr.“
- 11) Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

M. RAOUNA

(¹) Stjtið. ESB L, 2026/512, 23.4.2026, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2026/512/oj>.

(²) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2006/765/oj>).

(³) Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2012/642/oj>).

(⁴) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/881 frá 17. apríl 2019 um Netöryggisstofnun Evrópusambandsins (ENISA), um netöryggisvottun upplýsinga- og fjarskiptatækni og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 526/2013 (gerð um netöryggi) Stjtið. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 15, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2019/881/oj>.”

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <https://data.europa.eu/eli/reg/2026/513/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

B-deild – Útgáfudagur: 9. júlí 2026